

Héraðsnefndarfundur 27. apríl 2016

Töfrandi ár – Anno magicae

Skólaárið 2015 – 2016 hefur verið bæði spennandi og annasamt. Auk hefðbundins tónleikahalds og frábærs árangurs á prófum var settur mikill tími og orka í Töfraflautu Mozarts á vormánuðum.



Nemendur úr Tónlistarskóla Árnésinga fluttu þann 8. og 9. apríl síðastliðinn, klukkustundar langa tónleikauppfærslu úr Töfraflautu Mozarts í Hveragerðiskirkju. Yfir 100 nemendur komu fram á þrennum tónleikum og var kirkjan fullsetin á þeim öllum. Söngnemendur og eldri strengjasveit báru uppi tónleikana með góðum liðstyrk blásara og gítarsveitar. Að auki komu fram yngri strengjasveit, blásarasveit,

blokkflautusveit, rytmísk stelpusveit, píanóleikarar og ungir söngfuglar. Aðkoma þessara ólíku hópa var krydd tónleikanna en þeir gáfu hverju lagi sinn lit. Aðalstjórnendur voru Guðmundur Kristmundsson og Margrét S. Stefánsdóttir. Sögumaður var Anna Jórunn Stefánsdóttir.

Töfraflautuævintýrinu er ekki lokið, því það heldur áfram í Kaldalóni í Hörpu þriðjudaginn 3. maí kl. 19:30. Að þessu sinni með liðstyrk gestastrengjasveitar frá Póllandi.

Það er ómetanlegt fyrir nemendur að fá þetta einstaka tækifæri til að leika í frábærum hljómburði í Hörpu og ekki síður fjöður í hatt Tónlistarskóla Árnésinga að eiga svona metnaðarfullt verkefni til flutnings þar.



Próf

Um 210 - 220 nemendur taka próf í vetur, þar af eru 40 áfangapróf. Ekki eru komnar niðurstöður úr öllum áfangaprófum, en þær einkunnir sem hafa skilað sér í hús eru mjög háar eða að meðaltali 9,0.

Framhaldspróf og -tónleikar

Einn nemandi lýkur framhaldsprófi frá skólanum í vor. Það er Helga Valdís Sigurðardóttir sem lauk framhaldsprófi í blokkflautuleik í dag, 27. apríl og heldur útskriftartónleika í sal skólans á Selfossi nk. laugardag 30. apríl kl. 14:00. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.



Helsinki og Tallinn

Þann 27. maí fer starfsmannahópur Tónlistarskóla Árnesinga í fimm daga náms- og kynnisferð til Helsinki og Tallinn. 19 starfsmenn og 13 makar taka þátt að þessu sinni. Á dagskrá eru m.a. heimsóknir í Este Muusikaakademi (tónlistarháskólann í Tallinn), Nõmme Muusikaskool (tónlistarskóla), Rahvusooper Estonia (óperuna í Tallinn) þar sem við sjáum ballettsýninguna „Modigliani“ eftir eistneska tónskáldið Tauno Aints. Í Helsinki heimsækjum við Sibeliusar Academyuna, finnsku þjóðaróperuna og klettakirkjuna.

Þetta er fjórða utanlandsferð starfsmanna T.Árn., en þær þrjár fyrri hafa allar verið einstaklega vel heppnaðar. Það er kennarahópnum mjög dýrmætt að fá tækifæri á að fræðast um tónlistarmenntun í öðrum löndum, en í öllum ferðunum hefur líka verið farið á tónleika og söfn, hljóðfærasmíðir heimsóttir og sögufrægir staðir settir í samhengi við tónlistina. Annar þáttur sem er þó ekki síður mikilvægur er tækifæri kennarahópsins til að upplifa þetta saman. Í skóla eins og Tónlistarskóla Árnesinga sem starfar á 12 kennslustöðum eru tækifæri til að hittast óvenju fá miðað við einn og sama vinnustaðinn. Utanlandsferðirnar hafa því verið mjög mikilvægar til að efla tengslin og skapa jákvætt og hvetjandi andrúmsloft meðal starfsmanna.

Forskólinn

Við leggjum mikinn metnað í að þróa starf Tónlistarskóla Árnesinga út frá faglegum forsendum og að það fé sem lagt er til kennslunnar nýtist vel.

All lengi hefur tónlistarskólinn boðið upp á forskólakennslu í 2. bekk í samvinnu við grunnskólana í sýslunni. Nú þykir okkur tímabært að gera breytingar á forskólakennslunni frá því sem verið hefur og fyrir því liggja nokkrar ástæður.

1. Við höfum ekki verið með marga sérfræðinga í forskólakennslunni, heldur hefur kennslan dreifst á hljóðfærakennara skólans. Glúmur Gylfason, sem var okkar helsti forskólasérfræðingur og kenndi á Selfossi, hefur hætt störfum sökum aldurs og tveir kennarar hafa óskað eftir að kenna ekki forskólakennslu næsta vetur.
2. Annað atriði vegur líka þungt, en það er að aldrei hefur tekist að manna forskólakennsluna á öllum kennslustöðunum.

3. Loks er sú þróun undanfarinna ára að sífellt fleiri börn stunda Suzukínám við tónlistarskólann. Þessi börn hefja tónlistarnám á aldrinum 3 – 5 ára og eru því í 2. bekk komin með talsverða tónlistarþekkingu.

Yfir þessu höfum við verið hugsi og þykir skynsamlegt að þróa nýjar forskólaleiðir sem henta okkar skóla betur. Forskólakennsla verður því ekki í boði næsta vetur, en veturinn nýttur í að móta forskólakennslu/hljóðfærakynningar til framtíðar með deildarstjórum og kennurum.

Kjaramál

Flestir kennara Tónlistarskóla Árnesinga (30 af 32) eru í FT (Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum). Kjarasamningur FT rann út 31. október 2015 og því miður hefur lítið frést af gangi samningamála. Við vonum þó innilega að semjast fljótlega, en FT er eina félag Kennarasambands Íslands sem ekki hefur verið samið við.

Skólaslit vorið 2016

Skólaslit verða á kennslustöðum sem hér segir:

- fi. 19. maí kl. 17:00 Laugarvatn - Grunnskólanum
- fö. 20. maí kl. 15:30 Flúðir - Félagsheimili Hrunamanna
- fö. 20. maí kl. 17:00 Flóaskóli - Félagsheimilinu Þjósárveri
- fö. 20. maí kl. 18:30 Eyrarb./Stokkseyri - Grunnskólanum Stokkseyri
- má. 23. maí kl. 17:00 Reykholt - Félagsheimilinu Aratungu
- má. 23. maí kl. 18:00 Hveragerði - Hveragerðiskirkju
- þri. 24. maí kl. 17:00 Þjósárskóli - Félagsheimilinu Árnesi
- þri. 24. maí kl. 18:00 Þorlákshöfn - Grunnskólanum
- mi. 25. maí kl. 18:00 Selfoss - Sunnulækjarskóla
- fö. 3. júní, á skólaslitum Kerhólsskóla

Þakkir

Mig langar að nota tækifærið og þakka Ragnari Magnússyni fyrir mjög gott samstarf í fagráði Tónlistarskóla Árnesinga. Um leið óska ég honum og fjölskyldu hans alls hins besta í framtíðinni.

Róbert A. Darling,
skólastjóri